

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands, nr. 6/2006.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þann 20. desember 2006 munu reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs taka gildi. Samhliða fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003 sama efnis.

Með vísan til 70. gr. sbr. 140. gr. laga um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2006, verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 18. desember 2006.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2007